



Stefna Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Nr. 1224-03 | Maí 2011

1. Tilgangur með stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 1.1. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti (vvl.) og í samræmi við 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID) ber Landsbankanum hf. við framkvæmd viðskiptafyrirmæla að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem um er að ræða framkvæmd fyrirmæla frá viðskiptavinum eða móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum.
- 1.2. Framangreind ákvæði gera fjármálafyrirtækjum skylt að setja sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla þar sem fram komi hvernig fyrirtækið hyggst ná markmiðinu um bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína og hvernig það hyggst upplýsa viðskiptavinum sína um stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

2. Gildissvið stefnunnar

- 2.1. Stefna Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla gildir eingöngu um viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. vvl., þar sem Landsbankinn:
 - i) móttækur og miðlar fyrirmælum frá viðskiptavinum, og/eða
 - ii) framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.
- 2.2. Stefna Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla gildir um öll fyrirmæli frá viðskiptavinum, að undanskildum viðurkenndum gagnaðilum, hvort sem þau eru gefin af viðskiptavinum í umboði annarra viðskiptavina eða ekki, og óháð flokkun þeirra viðskiptavina sem í hlut eiga.
- 2.3. Stefna Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla gildir um fjármálagerninga að undanskildum greiðsluskjölum í samræmi við skilgreiningu vvl. Vörur sem ekki falla undir skilgreiningu laganna heyra ekki undir stefnu þessa. Engu að síður geta Landsbankinn og viðskiptavinir hans samið sérstaklega um viðskiptafyrirmæli með slíkar vörur.
- 2.4. Landsbankinn getur ákveðið einhliða að víkka eða þrengja gildissvið þessarar stefnu þannig að hún taki ýmist til fleiri eða færri fjármálagerninga í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum, ráðgjöf, fyrirmælum eða úrskurðum þar til bærri yfirvalda, þ. á m. úrskurðum dómstóla og eftirlitsaðila, eða á annan hátt eftir atvikum að mati Landsbankans. Nýjustu útgáfu af stefnu Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla á hverjum tíma er að finna á <http://www.landsbanki.is/mifid>.

3. Besta framkvæmd

Skylda Landsbankans til að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína á einungis við þegar Landsbankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar óháð því hvaða fjármálagerningur á í hlut.

- 3.1. Stefna Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla á við þegar Landsbankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar. Í slíkum tilvikum á viðskiptavinur réttmæta kröfu á því að Landsbankinn gæti hagsmuna hans í tengslum við verðmyndun eða aðra þætti viðskiptanna sem eru háðir framkvæmd þeirra af hálfu Landsbankans. Þetta á til dæmis við þegar Landsbankinn:

- framkvæmir viðskiptafyrirmæli sem þriðji aðili samkvæmt umboði,
- framkvæmir viðskiptafyrirmæli sjálfur fyrir hönd viðskiptavinar,
- sýnir fyllstu aðgát við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, og
- býður viðskiptavini sérstaklega að ná bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til verðs eða annarra þátta.

3.2. Stefna þessi gildir almennt ekki í eftirtöldum tilvikum:

- Landsbankinn setur fram verðtilboð eða kallar eftir verðtilboði og Landsbankinn kemur fram sjálfur í viðskiptum á grundvelli slíks tilboðs,
- hvort sem Landsbankinn kemur fram sjálfur eða á grundvelli umboðs, í þeim tilvikum sem Landsbankinn fylgir ákveðnum fyrirmælum viðskiptavinar um framkvæmd viðskipta.

Ath: Viðskipti í gegnum beintengt viðskiptakerfi verða framkvæmd á grundvelli ákveðinna fyrirmæla í þessum tilgangi.

4. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 4.1. Að teknu tilliti til beinna fyrirmæla viðskiptavina, mun Landsbankinn við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína á grundvelli eftirfarandi þátta: verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta.
- 4.2. Verð og kostnaður vega alla jafna þyngst þegar leitað er bestu mögulegu niðurstöðu en þó getur Landsbankinn ákvarðað að aðrir þættir vegi þyngra með hliðsjón af því hvaða viðskiptavinur á í hlut, hvernig fyrirmælum er háttað, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði viðskiptin fara fram.
- 4.3. Landsbankinn mun ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta í framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda. Ákvarðanir sínar byggir Landsbankinn á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem byggjast á eftirfarandi atriðum:
 - i) einkenni viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,
 - ii) einkenni fyrirmæla viðskiptavinar,
 - iii) einkenni þeirra fjármálagerninga sem um ræðir í viðkomandi fyrirmælum,
 - iv) einkenni þeirra viðskiptastaða sem unnt er að beina fyrirmælunum til.

5. Viðskiptastaðir

- 5.1. Eftirfarandi er listi yfir viðskiptastaði sem Landsbankinn notar alla jafna frá og með dagsetningu stefnu þessarar:

OMX Exchanges, Oslo Stock Exchange, London Stock Exchange, EDX, MEFF, EUREX, OMX, EURONEXT, AIM.

Landsbankinn áskilur sér rétt til að notast við aðra viðskiptastaði ef það auðveldar honum að tryggja viðskiptavininum bestu mögulegu niðurstöðu (til dæmis: þegar viðskiptafyrirmæli varða fjármálagjörning sem skráður er erlendis, þá gæti Landsbankinn notast við þarlandan miðlara til að framkvæma fyrirmælin á viðkomandi markaði).

- 5.2. Landsbankinn mun leggja reglulega mat á viðskiptastaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum sem hann stundar viðskipti með til að ákvarða hvaða viðskiptastaðir henta best til að Landsbankinn geti sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja viðskiptavininum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Listi yfir viðskiptastaði verður uppfærður þegar tilefni er til á grundvelli

þessa mats. Viðskiptavinir geta kynnt sér lista yfir viðskiptastaði á hverjum tíma á <http://www.landsbanki.is/mifid>. Landsbankinn mun ekki tilkynna viðskiptavinum sérstaklega um breytingar á listanum yfir viðskiptastaði. Landsbankinn skiptir ekki umboðslaunum sínum eða gerir þau upp á þann hátt að viðskiptastöðum sé mismunað.

6. Viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF)

- 6.1. Landsbankinn getur ákvarðað að nauðsynlegt sé, til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyrirmælin utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF), til að mynda hjá innmiðlara.
- 6.2. Samkvæmt verðbréfi viðskiptalögunum er Landsbankanum skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrirfram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (ef undan eru skilin tilvik þar sem engum skipulegum verðbréfamörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga er til að dreifa í lista yfir viðskiptastaði með viðkomandi fjármálagerning).

Með því að samþykkja þessa stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla er viðskiptavinur að samþykkja sérstaklega að Landsbankanum er heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF).

7. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 7.1. Til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, mun Landsbankinn hverju sinni velja viðskiptastað sem fellur best að viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og með hliðsjón af hlutfallslegu mikilvægi einstakra þátta við framkvæmd þeirra viðskiptafyrirmæla sem um ræðir hverju sinni. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal Landsbankinn fylgja fyrirmælum hans.
- 7.2. Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um ákveðna framkvæmd, mun Landsbankinn framkvæma viðskiptafyrirmæli á grundvelli einnar eða fleiri neðangreindra aðferða:
 - Utan skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) með því að para fyrirmælin við viðskiptafyrirmæli frá öðrum viðskiptavini Landsbankans,
 - á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða, í þeim tilvikum sem Landsbankinn er ekki aðili að viðkomandi markaði eða markaðstorgi, með þátttöku þriðja aðila á grundvelli samnings um framkvæmd viðskiptafyrirmæla á viðkomandi markaði eða markaðstorgi.

8. Ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar

- 8.1. Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd (til dæmis með rafrænum fyrirmælum) mun Landsbankinn fylgja fyrirmælum hans og framkvæma viðskiptin í samræmi við þau. Nái ákveðin fyrirmæli einungis til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni, mun Landsbankinn framkvæma aðra þætti á grundvelli þessarar stefnu.
- 8.2. Viðskiptavini Landsbankans á að vera ljóst að með því að gefa ákveðin fyrirmæli um framkvæmd tiltekinna viðskipta er Landsbankinn hugsanlega knúinn til að víkja frá þeim reglum og viðmiðum sem fram kom í stefnu þessar og sett eru til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta.

9. Móttaka og miðlun fyrirmæla

Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um á annan veg, er Landsbankanum heimilt að miðla fyrirmælum hans um framkvæmd viðskipta til annarra starfseininga innan samstæðu Landsbankans eða til þriðja aðila, til að mynda miðlara, til að framkvæma viðskiptin. Við slíka miðlun skal Landsbankinn gæta þess að aðgerðir hans þjóni hagsmunum viðskiptavinar sem best og leggja til grundvallar hlutfallslegt mikilvægi allra þátta og viðmið um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

10. Opinber birting fyrirmæla

10.1. Samkvæmt verðbréfi viðskiptalögunum ber Landsbankanum að gera opinber viðskiptafyrirmæli sem ekki hafa verið framkvæmd, nema viðskiptavinur mæli sérstaklega fyrir um annað. Með því að samþykkja stefnu þessa mælir viðskiptavinur svo fyrir að Landsbankinn skuli ekki gera slík fyrir-mæli opinber.

11. Eftirlit og endurskoðun

11.1. Landsbankinn mun endurskoða árlega stefnu sína um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og einnig fyrirkomulag við framkvæmd fyrir-mæla. Slík endurskoðun mun fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu bankans til að ná áframhaldandi besta mögulega árangri við framkvæmd fyrir-mæla viðskiptavina bankans.

11.2. Landsbankinn mun tilkynna viðskiptavinum um allar efnislegar breytingar sem gerða verða á framkvæmd fyrir-mæla eða stefnu þessari með því uppfæra hana á <http://www.landsbanki.is/mifid>.